

**1975 nr. 7 26. febrúar****Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972**

Tóku gildi 17. mars 1975. Breytt með 1. 56/1986 (tóku gildi 21. maí 1986), 1. 25/1990 (tóku gildi 18. maí 1990), 1. 19/1993 (tóku gildi 7. apríl 1993), 1. 123/2001 (tóku gildi 30. nóv. 2001), 1. 10/2006 (tóku gildi 28. mars 2006), 1. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í Lundúnum 20. október 1972.

□ [Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru

í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989, 4. nóvember 1993 og 29. nóvember 2001.]<sup>1)</sup>

□ Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/2006, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 19/1993, 1. gr.

■ **2. gr.** [Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó hafa lagagildi á Íslandi. [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð<sup>2)</sup> skv. 1. reglu alþjóðareglanna.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 63. gr. <sup>2)</sup> Rg. 524/2008, sbr. 361/2009. <sup>3)</sup> L. 10/2006, 2. gr.

■ **3. gr.** . . .

■ **4. gr.** [Brot gegn alþjóðareglunum og viðaukum, sem reglunum fylgja, varða sektum ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/2006, 3. gr.

**Fylgiskjal.**

**Alþjóðasamningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, með breytingum.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá Stjtið. A 2006, bls. 53–82.